

Sjávarútvegsráðstefnan 2014

Grand Hótel Reykjavík

20-21 nóvember 2014

Uppsjávarfiskur - þróun veiða og vinnslu í aldarfjórðung

Teitur Gylfason – Iceland Seafood ehf

Viðskiptablaðið 13. september 1993



Leggst síldarútflutningur af?


Magnús Arni Skúlason Síldarmál hafa verið í brennidepli undanfarið. Fari svo að Finnar og Svíar samþykki aðild að Evrópusambandinu (ESB) mun 10% tollur leggjast ofan á síldarafurðir okkar. Finnland og Svíþjóð eru langmikilvægustu markaðir okkar íslendinga fyrir saltsíld. Fyrstu fjóra mánuði þessa árs nam verðmæti útfluttrar saltsíldar 361 milljón króna. Þar af var verðmæti saltsíldar til Finnlands og Svíþjóðar 206 milljónir króna. Verðmæti frystrar síldar nam um 355,7 milljónum króna fyrstu fjóra mánuði ársins. Í fyrra nam verðmæti útfluttrar saltsíldar 595,4 milljónum króna, þar af keyptu Svíar saltsíld fyrir 186 milljónir króna og Finnar fyrir 133,9 milljónir. Danir, sem eru innan ESB, keyptu hins vegar saltsíld fyrir 152,9 milljónir króna. Flutt voru út 9.200 tonn af frystri síld fyrir 484 milljónir króna. Japanir keyptu mest af frystri síld en útflutningsverðmæti ársins 1993 nam 221,5 milljónum króna. Fyrstu fjóra mánuði ársins nam útflutningur til Japans um 111,5 milljónum króna. Aðrir helstu kaupendur okkar að frystri síld eru Þjóðverjar, Bretar og Frakkar.	Síldarsala æi hættu vegna inngöngu Svía og Finna í ESB Í grein sem Kristján Kristjánsson skrifaði hér í 3. tölublað <i>Viðskiptablaðsins</i> 4. maí síðastliðinn kemur fram að ef Norðmenn ganga inn í ESB fá þeir tollfrjálsan aðgang með sína síld. Þegar og ef Svíar og Finnar ganga inn í ESB hverfa tveir af mikilvægustu mörkuðum okkar inn fyrir ESB-múrana. Í grein sinni segir Kr-istján: „Það eru nokkrir þættir sem skoða þarf þegar áhrif inngöngu EFTA-ríkjanna á samkeppnisstöðu íslenskrar síldarframleiðslu eru skoðuð. Í fyrsta lagi eru það tollar sem koma á íslenska síld í Svíþjóð og Finnlandi, sem eru sterkustu síldarmarkaðir Íslendinga ásamt Rússlandi. Í öðru lagi er það samkeppnisstaðan á mörkuðum í ESB, einkum í Danmörku og Þýskalandi, eftir að Noregur fær tollfrelsi inn á þá markaði og í þriðja lagi eru það möguleikar á því að markaðssetja nýjar síldarvörur inn á markaði ESB, en það verður nú mun erfiðara en áður eftir að samkeppni við Norðmenn harðnar mjög í kjölfar inngöngu þeirra í sambandið. Þarna er því um langtímaáhrif að ræða.“ Kristján segir ennfremur: „Þegar tölur yfir útflutning íslendinga á síld síðustu árin eru skoðaðar sést hversu gríðarlega mikilvægir markaðirnir í Svíþjóð og Finnlandi eru. Á vertíðinni 1990-1991 fór um helmingur af allri útfluttri síld til þessara þjóða, hlutfallið hefur enn hækkað síðan þá, á vertíðinni 1991	1992 var það 53,3% og 1992-1993 var það yfir 66%. Síldarútvegsnefnd spáir því reyndar að það lækki nokkuð á vertíðinni 1993-1994, verði 41,6%, en það er samt sem áður mjög hátt. Alltað 12% tollur Innan EFTA hefur verið tollfrelsi með fisk og því verður það augljóslega mikið áfall fyrir íslenska saltsíldarframleiðendur ef greiða þarf allt upp í 12% toll af afurðum í Svíþjóð og Finnlandi. Sérstaklega þegar haft er í huga að fram að þessu hafa íslendingar ekki náð miklum árangri í löndum ESB ef undan er skilin Danmörk. Þar hafa íslendingar náð mjög góðan árangri með ákveðnar vörur en sá árangur er í hættu vegna inngöngu Norðmanna. Árangurinn á stærsta síldarmarkaðinum í Evrópu, þýska markaðnum, hefur til dæmis verið litið á undanförmum árum og ekki batna möguleikarnir við það að Norðmenn fá þar fullt tollfrelsi, en þeir hafa fram að þessu greitt hærri tolla en íslendingar fyrir hluta síldarafurða. Hin svokallaða bókun 6 gerði hlut íslands mjög góðan, þannig var t.d. aðeins 10% tollur á mikilvægustu vöruflokkunum, þ.e. tilreiddri síld, niðursoðinni eða niðurlagðri og ediksöltuðum síldarflökum, á meðan Norðmenn greiddu 20% toll af sama vöruflokki. Samkeppnisstaða Norðmanna miðað við ísland mun því snarbatna.	Norðmennhafa sjálfir gert mikið úr því sem þeir kalla hinn dulda ávinning af samkomulaginu við ESB, sem þeir segja að felist í því að þeir geti nú sett vörur á EB-markað sem vegna hárra tolla hafi átt mjög erfitt uppdráttar og í þeim flokki er síldin. Að sama skapi verður hinn duldi ávinningur Norðmanna að duldu tapi íslendinga, því fyrir okkur verður erfiðara að setja nýja vöru á markað ef á henni eru tollar þegar fyrir er ótolluð Framtíðin undir ESB Gunnar Jóakimsson, framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar, segir framtíð greinarnar velta á því að viðunandi samningum verði náð við ESB um tolla á síld. Hann segir að samkeppnisstaðan hafi verið erfið fyrir en þetta geti nánast orðið rothögg á greinina. Mikil pressa hafi verið á verð að undanförmum og ljóst sé að hún aukist enn í framtíðinni og geti, ef allt fer á versta veg, hrakið íslendinga út af markaðnum.“ Það er því augljóst að síldarmarkaður okkar er í uppnámi og telja margir að ef góð vertíð fer í hönd muni ávinningurinn af komu norsk-íslenska síldarstofnsins hverfa ífjáhirslu ESB. Reyndarhefur komið til tals að auka útflutning til Rússlands, jafnvel selja síldina írússnesk verksmiðjuskip. Það er því mjög brýnt fyrir íslensk stjórnvöld að reyna að ná betri samningum um síldarsölu til ESB-ríkja.
---	---	--	---

Vertíðin sem var kraftaverk – vetrarvertíð loðnu 1994



- Samið var um eitthvað hæsta verð um loðnu sem um getur
- Stærsta hrygna sem við höfum séð fyrr og síðar
- Bestu náttúrulegu gæði sem við höfum séð fyrr og síðar
- Það var aldrei áta eða átuvottur alla vertíðina
- Það gerði ekki eina einustu brælu alla vertíðina
- Loðnan hélt til fyrir suðaustan land í tvær vikur – óvenju löng vertíð
- Hrognataka gekk betur en nokkru sinni fyrr
- Japanska yenið styrktist um 10% á útmánuðum.

Veiðar uppsjávartegunda við Ísland í aldarfjórðung



Fyrirtæki í uppsjávariðnaði árið 2002

Fyrirtæki	Tankaskip	Frystiskip	Frystihús	Söltun	Fiskimjöl
1 Eskja	X		X		X
2 Festi		X			
3 Garðar Guðmundson		X			
4 Gjögur		X			
5 Gunnvör					
6 HB Grandi	X				X
7 Hraðfrystihús Þórshafnar	X	X	X		X
8 Huginn		X			
9 Ísfélag Vestmannaeyja	X		X	X	X
10 Ísleifur	X				
11 Langanes	X				
12 Loðnuvinnslan	X		X	X	X
13 Runólfur Hallfreðsson		X			
14 Samherji		X			
15 Síldarvinnslan	X		X	X	X
16 Skinney Þinganes	X				X
17 SR Mjöl	X				X
18 Súlan	X				
19 Svanur	X		X		X
20 Tangi	X		X		X
21 Vinnslustöðin	X			X	
22 Vísir	X				X
23 Ufsaberg	X				
24 Þorbjörn-Fiskanes	X				

Frystiskip sem hafa stundað veiðar og vinnslu á uppsjávarfiski



Fyrirtæki	Frystiskip	Staða í dag
Eskja	Aðalsteinn Jónsson	Er frystiskip í dag
Festi	Guðrún Gísladóttir	Sökk við Lofoten 2002
Garðar Guðmundsson	Guðmundur Ólafur	Seldur til Síldarvinnslunnar og hætti frystingu
Gjögur	Hákon	Er Frystiskip í dag
HB Grandi	Engey	Seldur til Samherja og heitir nú Kristina
Hraðfrystihús Þórshafnar	Þorsteinn	Seldur úr landi
Huginn	Huginn	Er Frystiskip í dag
Ísfélag Vestmannaeyja	Guðmundur	Seldur úr landi
Langanes	Björg Jónsdóttir	Seldur til Skinneyjar Þinganness og hætti frystingu
Runólfur Hallfreðsson	Bjarni Ólafsson	Landar fersku í dag
Samherji	Vilhelm Þorsteinsson - Kristina	Eru frystiskip í dag
Svanur	Svanur	Seldur til HB Granda og hætti frystingu
Vinnslustöðin	Gandí	Seldur úr landi
Þorbjörn-Fiskanes	Grindvíkingur	Seldur til Ísfélags Vestmannaeyja og hét Guðmundur

Þetta eru 12 frystiskip sem hafa stundað uppsjávarvinnslu síðustu 15 ár (makrílfrysting ekki meðtalin)

Fækkun fyrirtækja í uppsjávarveiðum á öldinni



Fyrirtæki	Keypt/Samruni	Ár
Síldarvinnslan	SR Mjöl	2002
	Vísir - uppsjávarhluti	2004
	Súlan	2005
	Garðar Guðmundsson	2006
Vinnslustöðin	Ísleifur	2003
	Ufsaberg	2005
HB Grandi	Tangi	2005
	Svanur	2005
Ísfélag Vestmannaeyja	Þorbjörn Fiskanes - uppsjávarhluti	2004
	Hraðfrystihús Þórshafnar	2007
Skinney Þinganes	Festi	2004
	Langanes	2006
Gjögur	Festi	2004
Loðnuvinnslan	Festi	2004

Fyrirtæki í uppsjávariðnaði í dag




Fyrirtæki	Vinnsluútbúnaður
HB Grandi	Sérútbúið uppsjávarfrystihús á Vopnafirði
Síldarvinnslan	Sérútbúið uppsjávarfrystihús á Neskaupstað
Ísfélag Vestmannaeyja	Sérútbúið uppsjávarfrystihús Vestmannaeyjum og frystihús á Þórshöfn
Eskja	Eitt frystiskip - Aðalsteinn Jónsson SU 11
Samherji	Tvö frystiskip - Vilhelm Þorsteinsson EA 11 og Kristina EA 410
Vinnslustöðin	Frystihús
Skinney Þinganes	Sérútbúið uppsjávarfrystihús á Hornafirði
Huginn	Eitt frystiskip - Huginn VE 55
Gjögur	Eitt frystiskip - Hákon EA 148
Runólfur Hallfreðsson	Eitt skip - Bjarni Ólafsson AK 70 - landar fersku hjá Síldarvinnslunni
Loðnuvinnslan	Frystihús og söltun
Gunnvör	Eitt frystiskip - Júlíus Geirmundsson ÍS 270

5 frystiskip og 7 frystihús

Hlutdeild fyrirtækja í uppsjávarkvótum við Ísland

makríll til fyrirtækja sem ekki flokkast sem uppsjávavinnslur undanskilinn



Makrílafli 2014



Pottur	Tonn	fjöldi skipa	Aflahæst	Aflaminnst	Meðalafli
Aflareynsluskip	111.283	20	11.531	1.095	5.564
Vinnsluskip	39.979	16	11.684	517	2.499
Skip án vinnslu	9.556	58	873	16	177
Smábátar	7.640	122	239	< 1	62

- Fyrirtækin eru sterk eftir margra ára góðæri
- Það er enn rúm fyrir hagræðingu – undir eigendum komið
- Frekari sameiningar munu vera drifnar áfram af hagsmunum eigenda frekar en af hagsmunum fyrirtækjanna sjálfra
- Ekki víst að frystitogarar verði endurnýjaðir – Landvinnsla er arðbærari
- Í makríl ættu stjórnvöld að leyfa aflatilfærslur milli potta og fyrirtækja

Framtíð uppsjávariðnaðarins – erlend áhrif

- Þróun kvóta er ávalt óvissu háð
- Markaðir fyrir mjöl og lýsi verða sterkir
- Það eru engin markaðsvandamál í frystum uppsjávarfiski heldur eingöngu pólitísk vandamál
 - Ófriður í Austur Evrópu
 - Innflutningshöft í Nígeríu

Ég þakka þeim sem hlýddu

